



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
b.t. samgöngunefndar
Alþingi
150 Reykjavík

jhm

4. mars 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með skipum, 291. mál, útgáfa haffærnissskírteina.

Samtök atvinnulífsins leggja til að 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna verði felldur niður í stað þess að breyta orðalagi hans eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ákvæðið sem lagt er til að breytist verður óþarft þegar frumvarp til nýrra lögskráningarlaga verður samþykkt. Ákvæðinu var ætlað að tryggja það að skipverjar á skipum undir 20 brúttótonnum væru slysatryggðir, en með frumvarpi til nýrra lögskráningarlaga á þskj. 516 verður breyting sem leiðir til þess að ákvæðið er óþarft.

Slysatrygging skipverja

Í frumvarpi til nýrra lögskráningarlaga er gert ráð fyrir því að lögskráningarskylda skipverja nái einnig til skipa undir 20 brúttótonnum og fellur þá niður þörf fyrir sérstakt ákvæði fyrir þessi skip.

Samtök atvinnulífsins leggja til í umsögn sinni um frumvarp til breytinga á lögskráningarlögum á þskj. 516 að við 5. gr. bætist 4. töluliður sem verði svohljóðandi: Staðfesting tryggingafélags um slysatryggingu skipverja.

Kæmi þessi breyting í stað þess að gera breytingar á lögum um eftirlit með skipum í samræmi við þingskjal 517. Slík breyting væri óþörf og reyndar ástæða til að fella tilgreindan málslið 16. gr. laga nr. 47/2003 niður þar sem hann átti einungis við skip undir 20 brúttótonnum sem lögskráningarskylda hefur ekki náð til. Það mun breytast með lögleiðingu þessa frumvarps sem framvegis verður skylt að lögskrá á allar stærðir skipa.

Niðurstaða

Með tilliti til einföldunar og skýrleika lagaákvæða telja Samtök atvinnulífsins að fella eigi niður 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. Þegar lög um eftirlit með skipum hafi verið sett hafi þeim verið ætlað að vera í samræmi við lög og reglur Evrópusambandsins og hafi einkum tekið til gerðar og búnaðar skipa, skoðunar þeirra og eftirlit með skipum til að tryggja öryggi þeirra og áhafna þeirra og efla varnir gegn mengun. Ástæða sé til að fylgja þessum markmiðum og fella niður ákvæði 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna sem hafi verið allt annar eðlis.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Með breytingum á lögum um lögskráningu verði því tryggt að skipverjar á öllum stærðum skipa verði slysatryggðir og því engin ástæða til að hafa sérstök ákvæði um slysatryggingu í lögum um eftirlit með skipum

Virðingarfyllt,

Samtök atvinnulífsins

Jón H. Magnússon

